

# Dæmi um fyrirspurnarbréf

Í subject : Umsókn um starf

*Heil og sæl.*

*Ég er að skrifa ykkur þetta bréf til að spyrjast fyrir um það hvort ykkur vanti starfsmann fljótlega. Ég hef bæði menntun og reynslu á sviði \_\_\_\_\_ og hef unnið s.l. 5 ár í svipuðu starfi en langar að skipta um starfsvettvang, nýta það sem ég hef lært en takast á við ný krefjandi verkefni.*

*Ég er samviskusöm, skipulögð og áreiðanleg og þætti virkilega ánægjulegt að fá að spreyta mig hjá ykkur.*

*Ég á gott með að starfa í hóp, er þjónustuglöð og vona innilega að þið skoðið vel umsókn mína.*

*Ég mun hafa samband í næstu viku til að forvitnast um hvort ykkur vanti starfsmann á önninni.*

*Í viðhengi er ferilskrá mín og meðmæli frá samstarfsmanni mínum.*

Með vinsemd og virðingu,

Jóna Jónsdóttir

[jona@jonsdottir@vmst.is](mailto:jona@jonsdottir@vmst.is)

S: 5678910



# Fyrirspurnarbréf

- Hvers vegna ertu að skrifa þetta bréf?
- Hvað hefur þú fram að færa
  - Draga fram skýrt: áhuga, reynslu, menntun, annað
- Hafa bréfið stutt og hnitmiðað
- Tónninn í bréfinu á að vera formlegur
- Láttu lesa yfir, vilt ekki hafa stafsetningar- eða innsláttarvillur